

Ársskýrsla Hafréttarstofnunar Íslands fyrir árið 2021.

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa, auk Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Stjórn stofnunarinnar skipuðu Aðalheiður Jóhannsdóttir stjórnarformaður (frá 15. febrúar) og Pétur Dam Leifsson af hálfu Háskóla Íslands, Brynhildur Benediktsdóttir og Arnór Snæbjörnsson af hálfu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, og Anna Jóhannsdóttir og Sigríður Eysteinsdóttir af hálfu utanríkisráðuneytisins, en Birgir Hrafn Búason leysti Sigríði af hólmi 27. ágúst. Forstöðumaður stofnunarinnar í hlutastarfi er Tómas H. Heiðar.

Stjórnin hélt tvo fundi á árinu, í mars og nóvember.

Hafréttarstofnun átti aðild að norrænni ráðstefnu um lífvísindi í hafinu (e. Bioprospecting, Biodiversity and Novel Uses of Marine Resources) sem haldin var rafrænt í samstarfi við Háskólann í Gautaborg o.fl. 30. mars. Á meðal fyrirlesara var Snjólaug Árnadóttir.

Hafréttarstofnun á aðild að Ródos-akademíunni í hafrétti og á forstöðumaður stofnunarinnar sæti í stjórn akademíunnar. Árlegt námskeið akademíunnar í hafrétti á Ródos í Grikklandi er helsta námskeið á þessu sviði í heiminum. Hafréttarstofnun veitir á hverju ári styrki til þátttakenda frá Íslandi og frá þróunarlöndum. Fyrirhugað var að halda námskeiðið 27. júní - 16. júlí í ár, en sökum heimsfaraldursins Covid-19 varð að aflýsa námskeiðinu. Þess í stað var efnt til rafræns námskeiðs 4.-14. júlí, en á meðal þátttakenda í því voru Anna Jóhannsdóttir og Aron Freyr Jóhannsson.

Fyrirhugað var að Hafréttarstofnun gengist á haustmisseri fyrir örnámskeiði í hafrétti fyrir almenning í samstarfi við Íslenska sjávarklasann, en sökum heimsfaraldursins þurfti að slá námskeiðinu á frest. Stefnt er að því að halda það á vormisseri 2022.

Forstöðumaður Hafréttarstofnunar birti á árinu greinina „The Contribution of the International Tribunal for the Law of the Sea to the Protection of the Marine Environment“ í tímaritinu *Korean Journal of International and Comparative Law*.

Forstöðumaður hélt kennslufyrirlestra í eftirfarandi háskólum og stofnunum á árinu: Lagadeild Háskóla Íslands í mars (rafrænt); British Institute of International and Comparative Law, Lundúnum, Bretlandi, í apríl og október (rafrænt); Háskólanum í Ankara, Tyrklandi, í apríl og maí (rafrænt); IMO International Maritime Law Institute, Msida, Möltu, í maí (rafrænt); Kadir Has International Law of the Sea Summer Academy, Ístanbúl, Tyrklandi, í júní og júlí (rafrænt); Yeosu Academy of the Law of the Sea, Yeosu, Suður-Kóreu, í júlí og desember (rafrænt); Ródos-akademíunni í hafrétti, Ródos, Grikklandi, í júlí (rafrænt); IFLOS Summer Academy, Hamborg, Þýskalandi, í ágúst (rafrænt); Háskólanum í Tromsø, Norwegian Centre for the Law of the Sea, Tromsø, Noregi, í október (rafrænt).

Forstöðumaður þáði enn fremur boð um þátttöku í eftirfarandi ráðstefnum á árinu þar sem hann hélt fyrirlestra um málefni á sviði hafréttar: Second Virtual Expert Workshop on Best Practices in Compliance in Regional Fisheries Management Organizations: The Role of Transparency in Improving RFMO Compliance, The Pew Charitable Trusts og International Seafood Sustainability Foundation, Washington DC, Bandaríkjunum, í mars (rafrænt); Leverhulme Lecture & Distinguished Experts Dialogue: Natural Resources, the Sustainable Development Goals and International Law, Háskólanum í Cambridge og International Law Association's Committee on the Role of International Law in the Sustainable Management of Natural Resources for Development, Cambridge, Bretlandi, í mars (rafrænt); European Society of International Law (ESIL) Interest Group on Law of the Sea Webinar Series, Current Issues in the Law of the Sea, Flórens, Ítalíu, í maí (rafrænt); Panel Discussion on Dr Massimo Lando's book, *Maritime Delimitation as a Judicial Process*, Academic-Practitioner Colloquium, NUS Centre for International Law (CIL) og International Courts and Tribunals Interest Group of the American Society of International Law (ASIL), Singapore, í maí (rafrænt); Conference on World Oceans Day, Peaceful Settlement of Disputes in the Oceans in the 21st Century, Aegean Institute of the Law of the Sea and Maritime Law, Ródos, Grikklandi, í júní (rafrænt); International Colloquium: Administrative Justice and the Environment, Antananarivo, Madagaskar, í október; Papua New Guinea Fisheries Judicial Conference: Promoting Transparency and Accountability in Fisheries, Port Moresby, Papúa Nýju-Gíneu, í nóvember (rafrænt); V Congress of the Brazilian Institute for the Law of the Sea (BILOS), Brasília, Brasilíu, í nóvember (rafrænt).

Loks skal þess getið að á grundvelli samnings við lagadeild H.Í. hélt Hafréttarstofnun áfram að styrkja kennslu og rannsóknir í hafrétti við deildina.